

Upplýsingastefna Sparisjóðs Austurlands hf.

Markmið upplýsingastefnu Sparisjóðs Austurlands er að tryggja viðeigandi og áreiðanlegar upplýsingar til bæði ytri og innri hagsmunaaðila sparisjóðsins.

Upplýsingastefnu Sparisjóðs Austurlands er ætlað að styðja við þau heildarmarkmið sem sett hafa verið í rekstri sparisjóðsins.

Sparisjóður Austurlands leitast við að eðli upplýsingagjafar sparisjóðsins sé þannig að upplýsingar séu aðgengilegar, að þær séu áreiðanlegar, nægjanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Sparisjóður Austurlands hefur í tengslum við upplýsingakerfi sparisjóðsins sett sér sérstaka upplýsingaöryggisstefnu sem byggir á varðveislu gagna og vernd upplýsinga.

Sparisjóðurinn fylgir öllum þeim lögum og reglum sem um birtingu upplýsinga gilda. Siðareglur við meðhöndlun upplýsinga og við upplýsingagjöf eru einnig haldnar í heiðri.

Árs- og árshlutauppgjör

Árs og árshlutauppgjör Sparisjóðs Austurlands liggja fyrir á skrifstofu sparisjóðsins. Reikningarnir eru einnig birtir á heimasíðu sparisjóðsins <http://www.spar.is/sparnor-nordfjordur/um-sparnor/arsreikningar>. Sjóðurinn mun hafa aðgengileg gögn a.m.k. til 10 ára í senn.

Stofnfé

Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur um stofnfé og eru upplýsingar um stofnfé aðgengilegar á skrifstofu sparisjóðsins. Upplýsingar um stofnfé og helstu stofnfjáraðila eru einnig birta á heimasíðu sparisjóðsins: <http://www.spar.is/sparnor-nordfjordur/um-sparnor/stofnfe>

Vextir og verðskrá

Upplýsingar um vexti og verðskrá sparisjóðsins skulu ætíð vera gegnsæjar og liggja ætíð fyrir nýjustu upplýsingar á skrifstofu sparisjóðsins og á heimasíðu hans: <http://www.spar.is/sparnor-nordfjordur/vextir>

Sparisjóðsstjóri er talsmaður sparisjóðsins og staðgengill sparisjóðsstjóra í fjarveru hans. Almennar bankaupplýsingar eru veittar starfsmönnum eftir þörfum.

Samþykkt af stjórn Sparisjóðs Austurlands dags. 23. mars 2016.